

M-13/2014 Álit 11. september 2014

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. september 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-13/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. febrúar sl. bað Z, f.h. X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 3. mars. Með bréfi, dags. 5. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 10. mars. Með bréfi, dags. 12. mars, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 24. mars. Með bréfi, dags. 26. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 22. apríl. Með bréfi, dags. 27. maí óskaði kæruneftndin eftir því við álitsbeiðanda að hann skýrði betur hvaða kröfur hann gerði á hendur seljanda og barst svar álitsbeiðanda hinn 10. júní. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 24. maí 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.770.000. Var bifreiðin af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2008, fyrst skráð hinn 27. maí 2008 og á kaupdegi hafði bifreiðinni verið ekið 140.000 km. Segir kaupandi að mest áhrif á þá ákvörðun að kaupa bifreiðina hafi verið að hún var auglýst með nýrri tímareim. Segist álitsbeiðandi hafa talið að seljandi hefði sjálfur látið skipta um reimina og varla hefði verið fúskað við þau skipti á þeim bænum. Í byrjun desember sl. segist álitsbeiðandi hafa verið að aka bifreiðinni í Ármúla þegar heyrst hafi hár hvellur og vélín síðan stöðvast. Hafi bifreiðinni í kjölfarið verið komið á verkstæði. Á verkstæðinu kom í ljós að bolti sem heldur strekkjarahjóli fyrir tímareim hafði brotnað. Strekkjarahjólið hafði við það lent undir sveifarás og brotið vélarhúsið og þar með eyðilagt vélina. Lét álitsbeiðandi rannsaka boltann hjá tæknideild Nýsköpunarmiðstöðvarinnar og taldi tæknideildin að boltinn hefði verið ofhertur og því brotnað. Umboðsaðili fyrir bifreiðar af umræddri gerð hafi síðan gefið upp þær upplýsingar að við tímareimaskipti skuli skipta um bolta fyrir strekkjarahjól ásamt öðrum boltum og vatnsdælu. Þetta hafi ekki verið gert, heldur aðeins skipt um sjálfa tímareimina.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af skoðunarskýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, afrit af kaupsamningi og afsali og afrit af staðfestingu verkstæðis á bilun.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi hafi aðeins átt umrædda bifreið í 17 daga, en bifreiðin hafi verið tekin uppí aðra bifreið og aldrei farið að bifreiðasölu þeirri er

hafði milligöngu um viðskiptin, á meðan hún var í eigu seljanda. Telur seljandi að þar sem hann hafi átt bifreiðina í svo skamman tíma sé eðlilegra að álitsbeiðandi beini kröfum sínum að fyrri eiganda bifreiðarinnar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi segist hafa átt viðskipti við seljanda, en ekki fyrri eiganda bifreiðarinnar, því beini hann kröfum sínum að seljanda.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda er ítrekuð sú skoðun að álitsbeiðanda beri að beina kröfum sínum að fyrri eiganda bifreiðarinnar, þ.e. þeim aðila sem seldi nefndum seljanda bifreiðina. Þá tekur seljandi fram að hann hafi lánað álitsbeiðanda bifreið endurgjaldslaust til afnota á meðan hin umdeilda bifreið sé öökufær til að draga úr óþægindum álitsbeiðanda.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 24. maí 2013 fyrir kr. 1.770.000. Bifreiðin er árgerð 2008 og fyrsti skráningardagur hennar 27. maí 2008. Bifreiðin var því um 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 140.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 24. maí 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 19. gr. lausafjárkaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 19. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Í 20. gr. sömu laga er síðan fjallað um skoðunarskyldu kaupenda. Þar segir m.a.:

„Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Bifreið sú er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 24. maí 2013 mun hafa bilað um miðjan desember s.á. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá verkstæði sem skoðaði bifreiðina var bilunin rakin til þess að ekki hafði verið staðið rétt að því að skipta um tímareim í vél bifreiðarinnar, en vegna þessa hafði bolti sem hélt strekkjarahjólí tímareimarinnar gefið sig með þeim afleiðingum að vél bifreiðarinnar skemmdist mikið. Verður ekki ráðið af gögnum málsins hvort ládst hafi að skipta um umræddan bolta við síðustu tímareimarskipti, sem áttu sér stað skömmu fyrir kaupin, eða hvort sami bolti var hertur um of við þau skipti. Hvort heldur sem er telur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið hvað þetta varðaði, haldin galla og að seljandi beri ábyrgð á því tjóni sem af gallanum hlaut, m.a. kostnað við bilunargreiningu, athugun á umræddum bolta og kaup og ísetning á nýrri vél. Seljandi hefur hins vegar hafnað því að bera ábyrgð á framangreindu aðallega á þeim forsendum að hann hafi átt bifreiðina í afar skamman tíma og að sá aðili er seldi honum bifreiðina ætti frekar að bera ábyrgð á henni gagnvart álitsbeiðanda.

Kærunefndin telur ekkert benda til þess að hin umþrætta bifreið hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hana í skilningi a-liðar 1. mgr. 19. gr. laganna. Þá verður ekki séð að seljandi hafi við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi bifreiðina í skilningi b-liðar sömu greinar. Stendur því eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að örðu leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Kærunefndin telur þó óhætt að fullyrða að ástand bolta sem hélt strekkjarahjólí tímareimar í vél bifreiðarinnar hefði ekki sést við skoðun óháðs aðila á bifreiðinni. Hafi því verið útilokað fyrir álitsbeiðanda að gera sér grein fyrir slægu ástandi hans. Þá bendir ekkert til þess að seljandi hafi verið kunnugt um ástand boltans. Er það því mat kærunefndarinnar að umrædd bifreið hafi verið haldin galla í skilningi c-liðar 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í 30. gr. laganna segir m.a.: „Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. [...]“. Álitsbeiðandi hefur farið fram á að seljandi greiði sér skaðabætur skv. 40. gr. laganna. Telur álitsbeiðandi að tjón sitt nemi kr. 868.964. Inn í þeirri heildarfjárhæð er m.a. notuð vél í bifreiðina, kr. 525.000, niðurstætur á henni, kr. 185.000, kostnaður við skoðun á umræddum bolta, kr. 91.364, auk kostnaðar við

bilunargreiningu, flutning o.fl. Þegar litið er til þess að álitsbeiðandi getur vart talist vera betur settur eftir viðgerðina, en hefði bifreiðin ekki verið haldin galla, m.a. vegna þess að nýtt kemur hér í raun ekki fyrir notað, er það mat kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda skaðabætur sem nemi heildarfjárhæð krafna hans, þ.e. kr. 868.964.

Hvað varðar athugasemdir seljanda um að álitsbeiðanda væri réttast að beina kröfum sínum að fyrri eiganda bifreiðarinnar, þ.e. þeim aðila sem seldi nefndum seljanda bifreiðina, vill kærunefndin taka fram að skv. 84. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup væri álitsbeiðanda heimilt að beina kröfum sínum að fyrri eiganda bifreiðarinnar, að því gefnu að sá aðili sem seldi honum bifreiðina, hér nefndur seljandi, hefði sjálfur geta gert sams konar kröfu vegna gallans. Greinin er hins vegar valkvæð og er hvorki skv. henni, né öðrum ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, að finna skyldu til handa álitsbeiðanda að beina fremur kröfum sínum að fyrri eiganda bifreiðarinnar en seljanda. Hins vegar er rétt að benda á að seljandi kann sjálfur hafa öðlast kröfu á hendur fyrri eiganda bifreiðarinnar vegna umrædds galla.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y., greiði álitsbeiðanda, Y, kr. 868.964

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir